



Námskrá

Tálknafjarðarskóla

2012-2014

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Saga skólans	3
Stefna skólans og skólamenning	4
Meginreglur Hjallastefnunnar.....	5
Grunnþættir menntunar og kynjanámskrá.....	6
Kynjaskipting og samskiptavinna.....	7
Skipulag skólans	8
Kennsluhættir og markmið náms	9
Samþætt kennsla.....	10
Lotuvinnan.....	10
Opnar vikur.....	10
Smiðjur.....	11
Heimanám.....	11
Kennsluáætlanir og námsmarkmið.....	11
Valfundir, val og frjálsræði.....	12
Vorferðir.....	13
Grænfáninn.....	13
Námsmat og vitnisburðakerfi	13
Matskvarðinn - skilgreiningar.....	14
Verðlaun útskriftarnemenda.....	15
Ytra og innra mat, eftirlit og umbætur	15
Samstarf heimila og skóla og upplýsingamiðlun	16
Áætlanir	17
Samstarf við leikskóla og framhaldsskóla.....	17
Móttöku- og tilfærsluáætlun.....	17
Tengsl skóla við nærsamfélagið.....	18
Áfengis- og fíknivarnir.....	18
Öryggis- og slysavarnir.....	18
Jafnrétti og mannréttindi.....	19
Viðbrögð við áföllum.....	19
Agamál.....	20

Inngangur

Táلكnafjarðarskóli hóf nýja þróun á námskrá sinni haustið 2012. Ákveðið var að taka inn ákveðnar nýjungar

Í allri þróunarvinnu var annars vegar unnið að innleiðingu Hjallastefnunnar sem skólastefnu í hinum sameinaða Táلكnafjarðarskóla og hins vegar unnið af kappi við að tengja starf skólans við nýja aðalnámskrá. Þessir tveir þættir hafa farið fullkomlega saman, bæði meginreglur og kynjanámskrá Hjallastefnunnar og svo nýjungar og skapandi viðhorf sem nýja aðalnámskráin boðar. Þannig hefur skólinn horft til þess hvernig hin yfirgripsmikil samfélagsleg markmið grunnþáttanna sex geta sem best verið samþætt inn í allt nám og þá sérlega í tengingu við kynjanámskrá Hjallastefnunnar sbr. umfjöllun hér á eftir. Einnig hefur skólasamfélagið haldið vakandi umræðu um hvernig skólinn geti sem best unnið að því að tryggja þá fjölbreyttu starfshætti og einstaklingsmiðun í námi sem getur gefið hverju barni lykilþættina þekkingu, leikni og hæfni.

Þessi mikla opnun frá kennsluáherslum yfir í námsáherslur skóla rímaði fullkomlega við Hjallastefnuna og innleiðingu hennar. Haustið 2012 voru þannig settir fram nokkrir þættir í starfsáætlun þess skólaárs til þróunar og eru þeir nú orðnir fastir þættir í skólanámskránni sem fer hér á eftir.

Saga skólans

Nú er liðin um ein öld síðan skólahald hófst í Táلكnafirði í sérstöku skólahúsnæði á Bakka 1910 og Sveinseyri 1911. Síðar var byggt veglegt skólahúsnæði fyrir báða skólana á Sveinseyri og hefur tvisvar sinnum verið byggt við það til að mæta nýjum kröfum samfélagsins. Jafnframt er nú reisulegt íþróttamannvirki við skólann sem hýsir bæði íþróttasal og inniaðstöðu sundlaugarinnar sem er 25 m. löng. Auk þessa hefur skólinn ávallt haft aðgang að félagsheimili sveitarfélagsins, Dunhaga sem er með leiksviði og sal fyrir t.d. árshátíð og þorablót skólans.

Haldið var upp á aldarafmæli skólans með margvíslegum hætti, m.a. með veglegri árshátíð vorið 2010 þar sem minnst var upphafs skólahalds og afmælishátíð vorið 2011 með sýningu á verkum nemenda í tengslum við árshátíð skólans. Miklu skemmra er síðan regluleg leikskólastarfsemi hófst á Tálknafirði og enn á eftir að skrá sögu tónlistarfræðslu á staðnum en tónlistarskólinn hefur starfað um árabíl.

Haustið 2012 sameinaðust svo leik- og grunnskólinn undir einu þaki eftir að hafa starfað aðskilið þrátt fyrir að stjórnunarlega hafi þeir verið sameinaðir fáum árum áður. Það sama haust hófst samvinna Tálknafjarðarhrepps og menntunarfélagsins Hjallastefnunnar um innleiðingu Hjallastefnunnar sem skólustefnu skólans og um rekstur skólans í náinni samvinnu við skólanefnd sveitarfélagsins.

Stefna skólans og skólamenning

Meginreglur Hjallastefnunnar ásamt grunnþáttum menntunar og svo kynjanámskrá eru kjarni þeirrar skólamenningar sem Tálknafjarðarskóli vill þróa í skólasamfélaginu og í grenndarsamfélaginu. Þrír þættir eru þó meginviðfangsefni skólans:

Lýðræði og frelsi eru grundvallarmálefni. Skólinn byggir allt á lýðræðislegum samskiptaháttum þar sem allir nemendur hafa tækifæri til að hafa áhrif á umhverfi sitt og eigið nám með t.d. daglegu vali og lýðræðisfundum. Frelsi er annað lykilhugtak í stefnu Tálknafjarðarskóla, nátengt lýðræðishugsjón skólans og grundvallað á hugmyndum Hjallastefnunnar um agabjálfun. Með jákvæðum aga og rósemd innan sem utan veggja skólans, margfaldast möguleikar barna til að njóta frelssis um það hvar þau vinna verkefni sín, hvaða stellingu þau velja sér og hvar þau staðsetja sig í skólanum á frjálsum tímum.

Jákvæðni og kærleikur er einnig í fyrirrúmi. Hverju barni er mætt og heilsað í upphafi og lok skóladags með nafni, jákvæðni og gleði. Hver skóladagur einkennist af því að allt starfslið skólans notar hvert tækifæri til að sýna hverju eina og einasta barni athygli og kærleika í hlýju viðmóti, snertingu og orðalagi.

Sköpun og frumleiki eru loks áhersluatriði alla daga. Bókastýrð kennsla er víkjandi og í stað þess fást nemendur við að skapa eigin námsgögn og eigin verkefni. Jafnframt er hvatt til breytinga og sveigjanleika í öllum starfsháttum svo og heimskpekilegra umræðna til að viðhalda forvitni og opnum huga barna og brjóta þá hefðbundnu hugarramma sem geta hamlað skapandi hugsun.

Meginreglur Hjallastefnunnar

Grunnurinn að hugmyndafræði Hjallastefnunnar er sex meginreglur sem eiga að endurspegla lífssýn og hegðun starfsfólks og nemenda innan skólasamfélagsins. Þær eru í skýrri forgangs röð og hver regla byggir á þeirri sem á undan kemur. Fyrsta reglan er jafnframt innsti kjarni starfsins. Meginreglurnar eru:

- 1. Börn og foreldrar:** Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á viðfeðman hátt að velgengni allra.
- 2. Starfsfólk:** Hjallastefnunni er ætlað að stuðla að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks svo og í öllum samskiptum við börn og foreldra og aðra sem koma að málum skólans.
- 3. Umhverfi:** Hjallastefnunni er ætlað að skapa samfélag innan hvers skóla þar sem jafnvægi, einfaldleiki og gagnsæi er ráðandi í dagskrá, umhverfi og búnaði og reglur eru sýnilegar og áþreifanlegar. Þannig gefst börnum skiljanlegt og viðráðanlegt umhverfi miðað við aldur þeirra, þroska og getu.
- 4. Efniviður:** Hjallastefnunni er ætlað að bjóða upp á leikefnivið og einföld námsgögn þar sem sköpun og ímyndun er í fyrirrúmi í fjölbreyttri reynslu hvers barns. Þannig skapar sjálfbjarga fólk eigið nám og leikheim með eigin lausnum og raunveruleikatengd verkefni eru í fyrirrúmi.
- 5. Náttúra:** Hjallastefnunni er ætlað að kenna börnum að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi svo og með umhirðu og endurvinnslu.

6. Samfélag: Hjallastefnunni er ætlað að þjálfa aga og hegðun á jákvæðan og hlýlegan en um leið ákveðinn og hreinskiptinn hátt. Með nákvæmni og festu verður taminn vilji leiðin til öryggis og frelsis fyrir alla í rósemd og friði innan skólasamfélagsins og síðar til ábyrgrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Að öðru leyti vísast í lengri útgáfu meginreglnanna í fylgiskjali um Hjallastefnuna með námskrá og einnig á vefsíðunni www.hjalli.is.

Grunnþættir menntunar og kynjanámskrá

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 eru sex grunnþættir menntunar þessir: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði, jafnrétti, sköpun.

Grunnþættir Hjallastefnunnar í kynjanámskrá eru einnig sex: agi, sjálfstæði, samskipti, jákvæðni, vinátta, áræðni.

Þessir þættir voru innleiddir í Táلكnafjarðarskóla í lotukerfi þar sem sex fjögurra vikna lotur voru teknar yfir skólaárið. Einn grunnþáttur var unninn samtímis einum kynjanámskrárþætti eins og hér sést í framsetningu frá ráðgjafa skólans, Kristínu Jónsdóttur, lektor við HÍ.



Loturnar eru unnar í eftirtöldum lotum og er nánar fjallað um tengingu þeirra í verkefnum í fylgiskjali um samþættingu grunnþátta og kynjanámskrár sem skólastjóri setti niður eftir reynslu fyrsta vetrar Táلكnafjarðarskóla af innleiðingu Hjallastefnunnar í takti við nýja aðalnámskrá.

Sept.	Læsi	Agi
Okt.	Sjálfbærni	Sjálfstæði
Nóv.	Lýðræði og mannréttindi	Samskipti
Janúar	Jafnrétti	Jákvæðni
Febrúar	Heilbrigði og velferð	Vinátta
Mars	Sköpun	Áræðni

Mikilvægast er síðan að muna að þótt svo að kynjanámskrá Hjallastefnunnar sé tekin í lotunum sex á hverju skólaári og grunnþættir menntunar tengdir þar saman, eru allir þættirnir jafnframt grundvöllur hvers skóladags. Þannig eru lotunum ætlað að skerpa sýn á hvern þátt og tryggja að hver um sig fái sérstaka athygli á tilteknum tímum og að með þeim hætti sameinist þeir smátt og smátt hverri námsgrein og öllum starfsþáttum. Þannig má segja að Hjallastefnuskólar eru ekki aðeins jákvæðir í janúar eða að sköpun eigi að bíða til vorsins í síðustu lotu. Þvert á móti er bæði kynjanámskrá og grunnþættir menntunar ávallt kjarni skólastarfsins þótt svo að kastljósinu sé beint sérstaklega að ákveðnum þáttum í tilteknum lotum til að kenna öllu skólasamfélaginu að samþætta þá inn í starfið smátt og smátt.

Kynjaskipting og samskiptavinna

Táلكnafjarðarskóli beitir kynjaskiptingu sem aðferð í skólastarfi en sökum fámennis verður aldursblöndum þá meiri fyrir vikið. Yngsta stig starfar þannig á yngri stúlknakjarna og yngri drengjakjarna og mið- og unglingastig starfar saman á eldri stúlknakjarna og eldri drengjakjarna. Hver þessara fjögurra kjarna hefur sinn umsjónarkennara. Kennarar sem starfa með sama aldri, velja ákveðnar greinar þar sem kennt er kynjablandað til að minnka aldursbilið. Sú samkensla

kynja mætir að hluta kröfu Hjallastefnunnar um daglega blöndun stúlka og drengja sbr. texta kynjanámskrár í fylgiskjali um Hjallastefnuna.

Skipulag skólans

Skólaárinu er skipt í tvær annir. Þ.e. haustönn og vorönn og lýkur báðum önnum með námsmati sem foreldrar fá frá kennurum.

Hvor önn felur í sér þrjár lotur, tengdar grunnþáttum menntunar og kynjanámskrá Hjallastefnunnar. Þessar alls sex lotur eru burðarás starfsins en á milli koma opnar vikur og eins er desembermánuður og svo vormánuðir lotulausir vegna anna við önnur skólaverk.

Skóladagur grunnskólabarna er samfelldur og boðið upp á skólamáltíðir. Heitur matur er eldaður í skólanum og miðmorgunhressing er borin fram um 10 leytið. Allir nemendur eru með í mataráskrift en morgunverður er valfrjál.

Dagskrá skólans byggir á þremur grunneiningum. Morgunhópatími er milli 8.30 og 11 þar sem stóru aðalnámskrárgreinarnar ásamt samþættum verkefnum eru í fyrirrúmi og kennarar brjóta upp tímann með stuttri útivist eða leik þegar þurfa þykir. Valtími er milli 11 og 12 og hefst hann með valfundi. Þar eru tilboð s.s. útisvæði, föndur, kubbar, spil, bækur, tölvur og á unglíngastigi bætast við valkostir í eldhúsi og í leikskóla. Í lotuvikum kemur meira inn af námstengdu vali skv. áætlun kennara hverju sinni. Smíðjutími er milli 12.40 og 14 í lotuvikum þar sem list- og verkgreinar eru teknar skv. kennsluskrá.

Skólatíminn er frá 8.30 til 14 nema til 14.30 hjá unglíngastiginu sem er breyting frá gr. 5.0. Skólinn opnar hins vegar kl. 7.45 og er morgunverður og rólegt starf á vistgangi og í netkaffihúsi fram til 8.30. Skv. skoðanakönnun er ekki þörf á síðdegisþjónustu eftir kl. 14.

Skólaföt eru notuð í skólanum og allir hvattir til að vera í þeim. Allir fá einn skólaból gefins en umframfatnaður er keyptur af foreldrum sem geta dreift gjaldinu á eins marga gjalddaga og þeir kjósa.

Kennsluhættir og markmið náms

Sömu kjarnakennarar sinna hópnum yfir skólaárið sem umsjónarkennarar. Þeir bera ábyrgð á skipulagningu kennslu skv. aðalnámskrá og jafnframt ber kennarinn ábyrgð á skráningu starfsins og námsmati. Skólastjóri yfirfer skráningu og sinnir gæðaeftirliti með að öllum þáttum aðalnámskrár sé fylgt eftir.

Allt starf Táلكnafjarðarskóla snýst um nám hvers barns en ekki kennslu kennara þar sem tikkað er í box um að nú sé búið að fara yfir þennan námsþátt – óháð því hvað nemandinn lærði. Þar af leiðandi er skólastarfið aðlagð að börnum en ekki börnin að kennsluháttum kennara.

Kennsluhættir eru afar einstaklingsmiðaðir þar sem markmiðið er að haga ytra umhverfi þannig að hvert barn njóti sín á eigin forsendum og bjóðist sá fjölbreytileiki sem æskilegt er að eigi sér stað í námsumhverfi barna. Fjöldi barna á hvern kennara gerir það að verkum að hvert barn fær þá athygli sem það þarf á að halda hverju sinni. Opinn efniviður og kennsla án hefðbundinnar bókastýringar eru meðal aðalsmerkja skólans þar sem kennarar útfæra meirihluta kennslunnar án hefðbundinna námsbóka. Börn búa til sínar eigin verkefnabækur og stuðlað er að því að verkefnavinna útfærist á sem fjölbreytilegastan hátt og í ólíku formi sem og í samhengi við viðfangsefnin hverju sinni. Byggt er á frumkvæði og sköpun hvers barns. Auk þessa nýtir skólinn þá tækni sem fremst er hverju sinni til að styrkja einstaklingsbundið nám hvers barns og til að auka á fjölbreytni í námsframboðum. Þannig eru mið- og unglingastigsbörn með eigin spjaldtölvur og yngsta stig sameinast um færri spjaldtölvur. Auk þeirrar einstaklingsmiðunar og fjölbreytni, sem spjaldtölvurnar bjóða upp á, dregur notkun spjaldtölva úr samanburði á getu þar sem allir vinna í samskonar námsumhverfi þó svo að viðfangsefnin séu ólík eftir getu og áhuga hvers og eins.

Samþætt kennsla

Táلكnafjarðarskóli sinnir samþættri kennslu þar sem áhersla er lögð á að flétta saman mörg fög í stórum og fjölbreyttum verkefnum eins og t.d. „Ég sjálf/ur“ og „Fjölskylda mín“ á yngsta stiginu, „Landnám Íslands“ og „Ár og fossar á Íslandi“ á miðstigi og svo t.d. „Alheimurinn“ á unglingsstigi. Í þessari samþættu kennslu fer saman vinna að læsi, landafræði, sögu, samfélagsfræði og náttúrufræði svo að dæmi séu nefnd.

Lotuvinnan

Hin stóru samþættu verkefni eru unnin í lotukennslu þar sem morgunkennslutími er nýttur í umrædd verkefni. Þau eru unnin dag eftir dag samkvæmt kennsluáætlun kennara og lokið innan fjögurra vikna. Á sama hátt taka eldri börn fyrir ákveðin fög, vinna að þeim og ljúka í ákveðnum tilvikum með námsmati innan fjögurra vikna frá upphafi. Sundið er einnig tekið í lotum, tvisvar sinnum fjórar vikur. Loturnar eru ávallt fjórar vikur í senn með opinni viku á milli og á hvorri önn eru þrjár lotuhringir.

Kennarar undirbúa allar kennsluáætlanir fyrir loturnar og tengja viðfangsefni við grunnþætti menntunar og svo við kynjanámskrá Hjallastefnunnar eftir föngum. Jafnhliða er sérstaklega farið í merkingu bæði grunnþáttar og kynjanámskrárþáttar í þeirri röð sem kynnt er hér að framan.

Opnar vikur

Svonefndar opnar vikur eru á milli lotanna sex til að afmarka þær. Í opnum vikum eru kennarar að hluta með kennsluáætlanir þannig að t.d. lestur fellur aldrei niður en að auki eru opnar vikur til að gefa frjálssræði fyrir áhugavert nýtt efni eins og t.d. forritunarkennslu fyrir allan skólann í eina viku, textílvinna þar sem allur skólinn vinnur að textílstarfi og fyrir alþjóðaviku svo dæmi séu tekin. Þannig eru opnu vikurnar líkar þemavikum sem margir skólar hafa prófað með góðum árangri.

Ein opin vika á vorönn er einnig nefnd „léttvika“ þar sem þá er létt skólastarf í gangi og foreldrar eru hvattir til að beina fríum barna á þá daga. Hins vegar er hefð fyrir því að hafa ekki vetrarfrí og hafa foreldrar óskað eftir að svo sé áfram þar sem þá eru skólalok í lok maí sem hentar samfélaginu á Táلكnafirði afar vel.

Smiðjur

Smiðjur eru eftur hádegi í lotunum þar sem list- og verkgreinar og fleiri námsgreinar eftir aðstæðum eru skipulagðar fyrir eina önn í senn. Þar með fer hver námshópur (kjarni) í fjórar smiðjur á fjórum vikum. Innihald smiðjanna er ákveðið í sérstakri smiðjuáætlun hvorrar annar. Smiðjulotan er á þriðju-, miðviku- og fimmtudögum frá kl. 12.40 til 14 í lotuvikunum fjórum.

Umsjónarkennarar fylgja hópunum sínum í smiðjurnar ef þarf að stýra samskiptum og hegðun þeirra umfram það sem smiðjukennari getur gert en að öðru leyti taka umsjónarkennarar að sér smiðjukennslu eftir sérsviði og áhuga. Gestakennarar eru einnig fengnir í smiðjur og eins taka aðrir starfsmenn skólans smiðjur og má þar nefna skólastjóra og skólafreyju.

Meðal þess sem skólinn hefur tekið í smiðjum, er myndlist, mótun, tónlist, náttúrufræði og útilíf, smíðar, efnafræði, forritun, heimilisfræði, fjallgöngur, jóga og fleira.

Heimanám

Heimanám miðast í sjálfu sér eingöngu við þjálfun í lestri. Það er yfirlýst stefna skólans að nemendur vinni verkefni sín á skólatíma en tvisvar til þrisvar á önn fara nemendur heim með verkefni til að vinna með fjölskyldu sinni. Þeim verkefnum er hvorki ætlað að þjálfa nýja færni né æfa námsþætti sem börn ráða misvel við heldur einvörðungu til að tengja fjölskylduna við námið í skólanum og sýna hvaða námsþætti er verið að fást við hverju sinni. Að auki fara börn tiltekna daga heim með spjaldtölvurnar sínar og kynna foreldrum þau námsforrit sem þau nota þar.

Kennsluáætlanir og námsmarkmið

Kennarar eru ábyrgir fyrir kennsluáætlunum hvorrar annar og hveðrar lotu þar innan. Þeir leggja kennsluáætlanir fyrir skólastjóra og ráðgjafa skólans og loks eru þær kynntar foreldrum.

Skólinn hefur ekki sett námsmarkmið aldurshópa upp með tilliti til aðalnámskrár eftir að þróunarvinna með nýjum kennsluháttum hófst. Hins vegar hafa kennarar unnið afar þýðingarmikla þróunarvinnu með ráðgjafa skólans í kennslu og námskrárgerð og fylgja sýnishorn af þróunarvinnunni með sem fylgiskjöl með þessari námskrá. Þróunin mun halda áfram á komandi skólaári og afrakstur þeirrar þróunar mun koma inn í námskrána sem markmið náms í hinum ýmsu námsgreinum.

Valfundir, val og frjálsræði

Á hverjum degi hittast börn hvers kjarna á valfundasvæði sínu og velja sér viðfangsefni fyrir næsta klukkutímann. Börnunum er algerlega frjálst að velja sér það viðfangsefni sem þau sjálf kjósa og lögð er mikil áhersla á að valinu sé ekki „stýrt“ á neinn hátt; þ.e. að kennarinn hlutist ekki til um hvað börnin velja. Valfundurinn er tækifæri fyrir börnin til þess að æfa vilja sinn og taka ákvarðanir og ekki síst að æfa lýðræðislega hegðun og vinnubrögð, gagnstætt við hópatímana eða kennslutímann þar sem þau æfast fremur í að fara eftir fyrirmælum kennarans.

Valtíminn kemur í stað frímínútna en auk hans geta nemendur hvenær sem er staðið upp frá vinnu sinni til að hreyfa sig, bregða sér út eða breyta um stellingu. Einnig brýtur kennarinn margoft upp hverja kennslutörn (sem getur verið allt upp í 2,5 klst.) með leikjum, nýjum verkefnum og stuttri útivist þar sem nemenduahópurinn fer saman út með kennaranum sínum.

Valtímanum er annars vegar ætlað að vera rammi um hinn frjálsa leik barnanna og er síðan engin tilviljun hvaða viðfangsefni eru í boði eða hverskonar leikefni; bak við hvert svæði og hvert verkfæri sem þar er í boði er ákveðinn tilgangur. Hins vegar er valtíminn rammi um svonefnt námstengt val. Þar eru tilboð sem kennarar stjórna og tengjast því námsefni sem verið er að vinna að hverju sinni. Þá geta þeir áhugasömustu haldið áfram með verk úr kennslutörninni og eins eru námsþættir eins og stærðfræði og lestur ávallt í boði í námstengdu vali.

Vorferðir

Á hverju vori fara nemendur í eins til þriggja náttu skólaferðalag með kennurum. Skólaferðalagið er samvinnuverkefni skólanna og foreldra en skólinn og foreldrar safna fyrir kostnaði til að enginn sé rukkaður um ferðagjald. Þessar ferðir eru fyrst og fremst þroskandi og fróðlegar fyrir nemendur. Þannig læra þau um umhverfið og landið sitt á hverjum stað fyrir sig, um leið og þau þjálfast í að ferðast með góðum vinum og kennurum og mæta veraldarvanir heim í fang fjölskyldunnar að ferð lokinni.

Grænfaninn

Táknafjarðarskóli er einn fyrstu skólanna á Íslandi sem hlaut Grænfanann fyrir umhverfisstefnu sína og framkvæmd hennar. Umhverfismarkmið Táknafjarðarskóla eru eins og hér segir:

- læri um gildi þess að ganga vel um náttúruna og umhverfi sitt tileinki sér góða umgengni við náttúruna og umhverfi sitt
- geri sér grein fyrir gildi umhverfisverndar
- átti sig á hve mikið rusl fellur til daglega
- stundi flokkun á sorpi og meti gildi endurnýtingar og endurvinnslu þess sem ella færi í súginn
- þekki viðurkenndar merkingar fyrir umhverfisvænar vörur
- vinni að því með heimilum og skóla að efla ábyrga umgengni um nánasta umhverfi og náttúru landsins

Námsmat og vitnisburðakerfi

Fyrsta námsmat skólans á hverju skólaári er mat kennara fyrir foreldraviðtöl haustannar. Þar er foreldrum gerð grein fyrir bæði félagslegri og námslegri stöðu barnsins munnlega og með gátlistum. Hið sama er gert fyrir viðtöl vorannar. Formlegt námsmat fer síðan fram í lok bæði haust- og vorannar og fá forráðamenn þá skriflega umsögn og vitnisburð um einstakar greinar.

Í vitnisburði á öllum skólastigum er stutt umsögn um íþróttir svo og tónlist hjá þeim sem stunda nám við tónlistardeild Táلكnafjarðarskóla. Í smiðjum er eingöngu kynnt að nemandinn hafði tekið þátt og að þeim sé lokið.

Smiðjukennarar afhenda hins vegar umsjónarkennurum mat á þekkingu, leikni og hæfni barnsins á viðkomandi smiðju sem styður við heildarnámsmat umsjónarkennarans.

Á yngsta stigi byggist vitnisburður alfarið upp á almennri umsögn kennara svo stuttum umsögnum um lestur, ritun og stærðfræði. Auk þess er atkvæðafjöldi í lestri kynntur ásamt aldurssvarandi viðmiðum um lestrarhraða. Lykilhugtökin þekking, leikni og hæfni eru lögð til grundvallar í mati og umsögnum kennara.

Á mið- og unglíngastigi er einnig almenn umsögn kennara auk umsagna um tiltekna námsgreinar þar sem þekking, leikni og hæfni er metin. Einkunnir eru þó gefnar í íslensku, dönsku, ensku og stærðfræði og er þá fyrirgjöf í bókstöfum sbr. nýja námskrá.

Matskvarðinn - skilgreiningar

A: Framúrskarandi hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. Hér miðar Táلكnafjarðarskóli við frábæran námsárangur þar sem nemandi fer fram úr námsmarkmiðum kennara. Einkunn í tölum samsvarar 9,1-10.

B: Góð hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. Hér miðar Táلكnafjarðarskóli við mjög góður árangur þar sem nemandi nær flestum eða nánast öllum námsmarkmiðum kennara. Einkunn í tölum samsvarar 7,5-9.

C: Sæmileg hæfni og frammistaða í námi með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. Hér miðar Táلكnafjarðarskóli við ásættanlegan árangur þar sem nemandi nær mörgum námsmarkmiðum kennara en nokkuð vantar upp á markmiðin. Einkunn í tölum samsvarar 5,0-7,4.

D: Hæfni og frammistöðu í námi ábótavant með hliðsjón af hæfniviðmiðum námsgreinar eða námssviðs. Hér miðar Táلكnafjarðarskóli við ásættanlegan

árangur þar sem nemandi þarf að æfa námsþáttinn talsvert betur þar sem aðeins hluta af námsmarkmiðum er náð. Einkunn í tölum samsvarar lægri einkunn en 5,0.

Verðlaun útskriftarnemenda

Allir útskriftarnemendur eru að auki metnir sérstaklega í samvinnu umsjónarkennara og skólastjóra þar sem annars vegar er horft til styrkleika þeirra í íslensku, ensku og stærðfræði og hins vegar til félagslegra styrkleika eins og stuðnings við samnemendur og við skólafélagið eða fyrir mestar framfarir æa skólaárinu. Allir útskriftarnemendur eru síðan verðlaunaðir með bókagjöfum við útskriftarathöfn.

Ytra og innra mat, eftirlit og umbætur

Ytra mat á skólastarfi Tálknafjarðarskóla fer fram með kynningu skólastjóra á fundum skólaráðs skólans og skólanefndar sveitarfélagsins. Þar eru áætlanir s.s. skóladagatal og starfsáætlun skólaársins lagðar fram ásamt tölulegum upplýsingum. Þar eru niðurstöður úr innra mati skólans einnig kynntar.

Innra mat skólans er eftirfarandi: Foreldrakönnun og starfsmannakönnun sem send er út árlega og fylgja niðurstöður hennar frá undangengnu skólaári með starfsáætlun þessa árs. Skólapúlsinn er notaður fyrir alla í 6.-10. bekk og auk þess eru sérkannannir sendar af hálfu skólans ef ný og stór mál eru í gangi sbr. tilraun með kynjaskipt skólastarf. Niðurstöður samræmdra prófa eru nýttar til að bera árangur nemenda og skólans saman við landsmeðaltal. Allar niðurstöður innra mats fylgja sem fylgiskjöl með starfsáætlun.

Á heimasíðu er ábendingarkerfi þar sem foreldrar geta lagt fram athugasemdir, spurningar og ábendingar hvort sem er nafnlaust eða með nafni. Með þessu móti hvetur skólinn forráðamenn til að fylgjast stöðugt með skólastarfinu og veita hið mikilvæga aðhald sem kemur til viðbótar við dagleg samskiptum, könnunum og viðtölum.

Símat er hins vegar talið eitt mikilvægasta mats- og eftirlitstæki skólans. Á vikulegum kennarafundum er farið skipulega yfir starfsemina og síðan sérstaklega yfir þá starfsþætti sem óskað er eftir hverju sinni. Þannig geta allir

Þegar skólasamfélagsins skráð erindi til umfjöllunar á til þess gerðan reit á upplýsingatöflu skólans og bæði kennarar, nemendur og annað starfsfólk nýtir sér það afskaplega vel. Öll mál og allar niðurstöður eru síðan skráðar í fundargerðabók sem liggur frammi á setustofu starfsmanna.

Sökum smæðar skólans hafa ekki verið skapaðir sérstakir rýnihópar heldur er skólaráð, stjórn foreldrarfélagsins, kennarar og annað starfsfólk tekið með í alla gæðaumræðu skólans og hið sama gildir um nemendur. Þeir fjalla um hin ýmsu málefni skólans á lýðræðisfundum og bera fram breytingaóskir bæði bréflega og á fundum.

Umbætur eru oftast unnar umsvifalaust og kynntar á upplýsingatöflu skólans. Í kjölfar foreldrakönnunar er hins vegar unnin umbótaáætlun sem fylgt er eftir innan tiltekins tímaramma.

Samstarf heimila og skóla og upplýsingamiðlun

Í samstarfi skólans við fjölskyldur og heimili nemenda er mest áhersla lögð á dagleg samskipti, jákvæðni og lipurð af hálfu skólans. Persónuleg samskipti og samtöl eru ávallt tekin fram yfir rafræn samskipti sem eru fremur notuð að að miðla almennum upplýsingum. Öll erindi eru annað hvort afgreidd samdægurs eða þeim komið í farveg og viðkomandi látinn vita af því.

Föstudagspóstur er sendur út í vikulok. Þar er bæði kynnt hvaða námsverkefni hafa verið í fyrirrúmi þá vikuna og einnig hvað er framundan skv. kennsluáætlunum.

Foreldrafundir eru haldnir nokkrum sinnum á ári. Þeir eru boðaðir bæði bréflega, á heimasíðu skólans og loks með sms-skilaboðum.

Foreldraviðtöl eru einu sinni á hvorri önn og eru þau á laugardögum til að báðir foreldrar geti fremur mætt með barni sínu í viðtalið. Föst regla er að opna ekki erfið mál í reglubundnu viðtali heldur sé ávallt búið að því með aukaviðtali og fundum með viðeigandi aðilum þannig að ekkert komi á óvart. Óskum forráðamanna um viðtöl er ávallt sinnt eins fljótt og auðið er.

Skólinn heldur úti heimasíðunni hjalli.is/talknafj og þar eru fréttir af starfinu uppfærðar vikulega. Þar eru einnig öll gögn um skólann og upplýsingar sem að notum geta komið auk áætlana skólans um hina ýmsu þætti skólastarfsins. Á læstri fjölskyldusíðu eiga foreldrar aðgang að miklu myndasafni af börnum sínum í skólanum.

Tálknafjarðarskóli gefur út nokkur fréttablöð á skólaári og eru þau túlkuð fyrir þá foreldra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Fréttabréfin eru sett jafnóðum á vef skólans.

Áætlanir

Tálknafjarðarskóli hefur byggt upp viðbrögð og starfshætti sem taka til þeirra áætlana sem aðalnámskrá kveður á um að skuli vera í áætlanaformi. Hér á eftir er fjallað um hvern þátt fyrir sig nema hvað áætlun Hjallastefnunnar um aðgerðir gegn einelti og öðru ofbeldi er fylgiskjal með námskránni enda hefur sú áætlun verið innleidd í Tálknafjarðarskóla.

Samstarf við leikskóla og framhaldsskóla

Tálknafjarðarskóli er sameinaður leik-, grunn- og tónlistarskóli og sem slíkur er mikil samvinna milli þessara þriggja deilda. Öll börn grunnskólans sinna leikskólabörnum vikulega á sameiginlegum söngfundi. Nemendur á mið- og unglingastigi geta einnig valið leikskólann á valfundum og starfa þá við leikskólann í klukkutíma undir stjórn leikskólafólks. Fimm ára börn starfa einnig með sex ára börnum með námskrá fimm ára starfsins sem er fylgiskjal námskrárinnar.

Samvinna er við Fjölbrautarskóla Snæfellinga sem kynnir starf sitt fyrir nemendum 10. bekkjar og forráðamönnum þeirra ár hvert í samvinnu við Tálknafjarðarskóla.

Móttöku- og tilfærsluáætlun

Rétt um 50 börn stunda nám við grunnskóladeild Tálknafjarðarskóla hverju sinni. Þar af leiðandi er mikil nánd og tenging við alla nemendur og forráðamenn

Þeirra og dagleg samskipti eru því mikil. Ábyrgð á móttöku nýs nemanda er hjá umsjónarkennara en skólastjóri fer yfir málefni skólans í upphafi með bæði barni og forráðamönnum. Þegar barn yfirgefur skólann, eru allar þær upplýsingar sendar með barninu sem móttökuskólinn óskar eftir en þó ávallt með samþykki forráðamanna sem sjá öll gögn áður en þau eru send.

Tengsl skóla við nærsamfélagið

Starf Tálknafjarðarskóla er nátengt öllu samfélaginu í 300 manna byggðarlagi eins og Tálknafjörður er. Heimsóknir í fyrirtæki eru árviss viðburður og vinnuframlag við fyrirtæki eru metin við valgreinar á unglingsstigi. Sérfræðingar frá fyrirtækjum eru með eina smíðju eða opna viku á hverju skólaári. Fulltrúar frá fyrirtækjum og frá stjórn sveitarfélagsins verðlauna 10. þekkingu við útskrift að vori skv. tilnefningum skólans.

Áfengis- og fíknivarnir

Tálknafjarðarskóli aðhyllist að öllu leyti stefnuna “engin tilhliðrun” (no tolerance) hvað varðar notkun á tóbaki og áfengi. Skv. könnunum er engin neysla af neinu tagi í skólanum og árlega koma fulltrúar frá aa-samtökunum og fjalla um afleiðingar áfengis- og fíkniefnaneyslu.

Öryggis- og slysavarnir

Skólafreyja skólans (skólaritari og húsvörður) er öryggisfulltrúi skólans og vinnur sem slík með viðeigandi eftirlitum (heilbrigðiseftirlit, vinnueftirlit) og fylgir eftir að eigendur skólahúsnæðis, búnaðar og lóðar, Tálknafjarðarhreppur, sinni viðhaldi skv. ábendingum eftirlita. Skólafreyja hefur einnig daglega yfirsýn með skólahúsnæði, búnaði og lóð og fylgir eftir að eigendur geri viðeigandi ráðstafanir til úrbóta.

Ef slys kemur upp, leita umsjónarkennarar eftir aðstoð frá skólafreyju eða skólastjóra og strax er haft samband við forráðamenn sem taka ábyrgð á framhaldinu. Farið er með barn, sem þarfnast læknishjálpar, á Heilsugæslu Patreksfjarðar. Öll slys eru skráð á til þess gerð slysaskráningarblöð. Lyf barna eru geymd í lokuðum skáp sem og verkjalyf en allar lyfjagjafir eru skráðar.

Ef vá ber að dyrum vegna veðurs eða annarra óviðráðanlegra afla, er Almannavarnaráætlun fylgt að öllu leyti.

Jafnrétti og mannréttindi

Táلكnafjarðarskóli grundvallar allt sitt starf með nemendum og forráðamönnum þeirra á jafnrétti og mannréttindum sbr. meginreglur og kynjanámskrá Hjallastefnunnar. Sérstaklega er unnið með þessi hugtök í mannréttindasmiðju og jafnréttissmiðju á hverju ári. Skólinn er síðan aðili að stuðningsneti við heimili fyrir munaðarlaus börn í Dar es Salaam í Tanzaníu og fylgjast börnin með uppbyggingu þess og starfsemi.

Hvað varðar starfsmenn, fylgir skólinn meginreglu tvö í hugmyndafræði Hjallastefnunnar og „gerir sér far um að mæta þörfum starfsfólks af skilningi og sýna stuðning og stuðla að farsælu og auðugu einkalífi starfsmanna. Persónulegar þarfir starfsmanna mega þó aldrei ganga gegn hagsmunum skjólstæðinganna og er á ábyrgð skólastjórnanda að svo fari ekki. Hjallastefnuskólar leitast við að sýna öllum starfsmönnum fyllstu sanngirni og réttlæti og eru allir velkomnir og jafnrétt háir til starfa óháð kyni, kyn- og litarþætti, trúar- og stjórnmálaskoðunum, kynhneigð, menningu eða stöðu að öðru leyti. Eftungumálaörðugleikar hamla starfsmanni í daglegum verkum, skal skólinn eiga frumkvæði að því að finna náms- og þjálfunarleiðir fyrir viðkomandi í íslensku. Jafnræðis skal gætt gagnvart starfsmönnum á öllum sviðum; þar á meðal hvað varðar laun og önnur starfskjör, starfsframa og starfsaðstæður. Starfsmenn hafa aðgang að yfirmanni skólans með athugasemdir sínar og umkvartanir vegna allra mála og skulu ávallt leita eftir svörum eða aðstoð innan skólans áður er leitað er til annarra aðila. Allir hafa síðan áfrýjunarrétt til fulltrúa Hjallastefnunnar ef þurfa þykir sem vinnur þá að lausn málsins með yfirmanni viðkomandi skóla.”

Viðbrögð við áföllum

Viðbrögð skólans við áföllum eru metin hverju sinni skv. eðli þess sem upp kemur og er skólastjóri ábyrgur fyrir að leggja upp áætlun og framkvæma hana með samstarfsfólki. Grundvallaratriði í slíkri áætlun eru eftirfarandi:

- Í fyrsta lagi skjót viðbrögð þar sem tími er lykilatriði lausn fjölmargra mála.
- Í öðru lagi er strax ráðgast við sérfræðinga sem geta styrkt skólann í sem bestum lausnum í viðkomandi máli. Má þar nefna sálfræðing skólans,

félagsmálastjóra Vesturbyggðar sem þjónustar Táلكnafjörð eða þá prest a sem þjónusta sunanrverða Vestfirði með sálgæslu og stuðning.

- Í þriðja lagi eru persónuleg samskipti höfð við alla hlutaðeigandi þar sem fólk hittist og ræðir mál eða þá að hringt er í alla í stað þess að senda tölvupóst eða skilaboð.
- Í fjórða lagi er að tryggja að allir, sem hlut eiga að máli, fái samskipti og upplýsingar beint og milliliðalaust.

Sem dæmi má nefna að við andlát, sem tengist skólanum, er strax leitað til prests og sálfræðings, haft er persónulegt samband við alla forráðamenn barna (hringing frá umsjónarkennara eða skólastjóra) og þar á eftir eru samtöl innan skólans við nemendur og þá með þátttöku þeirra stuðningsaðila sem að málum koma.

Agamál

Allir kjarnar skólans setja sér sínar skólareglur á lýðræðisfundum þar sem kennarar og börn setja sínar reglur í samvinnu og setja þær upp á sýnilegum stað innan kjarnans.

Auk kjarnareglna gilda meginreglurnar sem almennar skólareglur og kveða einfaldlega á um þá hugmynd að allir þátttakendur í skólasamfélaginu skuli vanda sig við að „vera góðir við aðra og góðir fyrir sig sjálfa“. Allt sem gerist innan skólasamfélagsins, má túlka með meginreglunum og þannig finna lausnir. Kerfisbundnum refsingum í einhverju formi er algjörlega hafnað og ef grípa þarf til einhverra aðgerða sem afleiðingar brota, er ávallt haft samband við foreldra og ákvarðanir teknar í samvinnu.